

### 3. stigs hegðunarbrot – ferli í 1.-7. bekk



Nemandi sýnir ofbeldisfulla hegðun sem ógnar öryggi samnemenda og /eða starfsfólki. Viðhefur orðræðu sem er særandi/niðurlægjandi fyrir aðra.

Kennari eða stuðningsfulltrúi fer til hliðar með nemanda. Ef hann neitar að koma þá sækir viðkomandi aðstoð til stjórnanda.

Ef ekki næst í stjórnanda má hringja á skrifstofu sem aðstoðar við að finna stjórnanda.

Nemanda er fylgt afsíðis. Stuðningsfulltrúi situr með nemanda ef mögulegt er. Skrifstofan er látin vita ef þörf er á að manna afleysingu fyrir matar og kaffihlé og ef skipulag á svæði krefst þess.

Ef stuðningsfulltrúi er ekki til staðar getur kennari leitað til stjórnanda/skrifstofu eftir aðstoð.

Nemandinn fær tækifæri til að ná stjórn á hegðun sinni, á þessu stigi er ekki rætt mikið við nemanda en stundum þarf að hugreysta og hlusta.

Umsjónarkennari/stjórnandi lætur vita heim ásamt því að boða foreldra á fund daginn eftir. Skólastjórnandi er með á fundinum.

Nemandi vinnur þau verkefni sem liggja fyrir.

Umsjónarkennari ásamt stuðningsfulltrúa metur í hverju tilviki fyrir sig, hversu lengi nemandinn er ekki með hópnum. Fer það bæði eftir alvarleika brots, hvort hægt er að treysta nemandanum og hann treysti sér til að fara aftur í tíma.

Daginn eftir er fundað með foreldrum og nemanda ásamt stjórnanda og námsráðgjafa í einhverjum tilfellum þar sem farið er yfir atburðinn og framhaldið. Áhersla er lögð á lausnamiðaðan fund þar sem rætt er hvernig nemandinn getur betur náð að stjórna hegðun sinni.

Umsjónarkennari er með á þessum fundum eftir aðstæðum.